

Launastefna Ölfuss

Markmið

Launastefnu Sveitarfélagsins Ölfuss er ætlað að stuðla að því að sveitarfélagið hafi á hverjum tíma yfir að skipa starfsmönnum sem hafa viðeigandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna verkefnum sveitarfélagsins á árangursríkan hátt þannig að það uppfylli hlutverk sitt.

Starfsmönnum þess eru tryggð jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn launamunur sé til staðar. Starfsmenn hafa jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, starfsþróunar og endurmenntunar.

- Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af fjölmörgum þáttum svo sem verkefnum og umfangi starfsins, þeirri hæfni sem starfsmaður þarf að hafa til þess að geta sinnt starfinu á árangursríkan hátt auk þeirrar þekkingar, menntunar og reynslu sem starfið krefst.
- Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við launauppbyggingu sveitarfélagsins, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Við ákvörðun starfskjara er meðal annars tekið tillit til starfsmats, kjarasamninga og starfslýsinga.
- Endurmat á störfum fer fram þegar helstu verkefni eða skyldur starfs hafa breyst. Við ákvarðanir um launabreytingar er m.a. horft til breyttrar ábyrgðar og/eða annarra þátta.
- Hjá Sveitarfélaginu Ölfusi eru til starfslýsingar fyrir öll störf. Starfslýsingar eru uppfærðar árlega og þær yfirfarnar í starfsmannasamtölum sem haldin eru á hverju ári. Í þeim koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um þekkingu, menntun, hæfni, reynslu og þá ábyrgð sem í starfinu felst auk upplýsinga um starfaflokk samkvæmt jafnlaunakerfi.
- Launastefnan samræmist starfsmannastefnu Ölfuss.

Bæjarstjórn samþykkir stefnuna en bæjarstjóri ber ábyrgð á að framfylgja henni. Jafnlaunastefna Sveitarfélagsins Ölfuss liggur til grundvallar þeim markmiðum sem fram koma í launastefnu þessari. Bæjarstjórn ber einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu (1901025) og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt.